

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 25. júní 2013 í máli nr. S-908/2012:

Ákærvaldið

(Ásmunda Björg Baldursdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Eiríki Sigurðssyni

(Guðni Á. Haraldsson hrl.) og

Hjalta Magnússyni

(Björn Jóhannesson hrl.)

I

Málið, sem dómtekið var 5. júní síðastliðinn, var höfðað með ákæru sérstaks saksóknara, útgefinni 13. desember 2012 á hendur „Eiríki Sigurðssyni, Seltjarnarnesi og Hjalta Magnússyni, Reykjavík, fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum með því að hafa í sameiningu staðið skil á efnislega röngu skattframtali ákærða Eiríks gjaldárið 2008 vegna tekjuársins 2007, með því að hafa látið undir höfuð leggjast að telja fram fjármagnstekjur samtals að fjárhæð kr. 813.011.009, sem voru tekjur ákærða Eiríks af uppgjöri á 102 framvirkum samningum með undirliggjandi hlutabréfum við Landsbanka Íslands hf. árið 2007, sem skattskyldar eru samkvæmt 7. gr., sbr. 3. tölul. C-liðar, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Þannig skýrði ákærði Eiríkur, með aðstoð meðákærða Hjalta sem er löggiltur endurskoðandi, rangt frá fjármagnstekjum sínum í skýrslugjöf til skattyfirvalda, en með því komst ákærði Eiríkur undan greiðslu fjármagnstekjuskatts samtals að fjárhæð kr. 81.301.101, sem sundurliðast sem hér greinir:

Framvirkir samningar í íslenskum krónum (ISK)							
Samn.nr.	Lokunardags.	Gengi	Hagnaður mynt	Hagnaður ISK	Þóknun mynt	Þóknun ISK	Heildarhagnaður ISK
6602-0	9.1.2007	-	-	5.843.367	-	123.006	5.966.373

6603-0	9.1.2007	-	-	1.869.869	-	1.106.117	2.975.986
6726-0	11.1.2007	-	-	9.544.776	-	741.401	10.286.177
6889-0	14.2.2007	-	-	4.061.282	-	630.300	4.691.582
6898-0	14.2.2007	-	-	4.355.145	-	573.000	4.928.145
6918-0	14.2.2007	-	-	5.853.842	-	668.500	6.522.342
6950-0	16.1.2007	-	-	16.250.500	-	700.000	16.950.500
7107-0	23.2.2007	-	-	20.950.495	-	1.565.000	22.515.495
7130-0	30.1.2007	-	-	7.493.004	-	1.515.000	9.008.004
7384-0	9.3.2007	-	-	8.214.102	-	827.500	9.041.602
7475-0	14.3.2007	-	-	1.657.948	-	434.501	2.092.449
7495-0	16.2.2007	-	-	4.419.054	-	599.100	5.018.154
7854-0	5.3.2007	-	-	2.359.505	-	487.500	2.847.005
7896-0	8.3.2007	-	-	1.155.434	-	152.500	1.307.934
7997-0	12.3.2007	-	-	3.032.415	-	660.000	3.692.415
8033-0	12.4.2007	-	-	19.784.521	-	943.000	20.727.521
8048-0	25.4.2007	-	-	7.882.673	-	441.840	8.324.513
8101-0	16.4.2007	-	-	5.595.133	-	837.500	6.432.633
8470-0	18.4.2007	-	-	10.292.605	-	435.184	10.727.789
8730-0	11.7.2007	-	-	10.681.664	-	971.250	11.652.914
8957-0	25.5.2007	-	-	4.775.264	-	204.020	4.979.284
9021-0	31.5.2007	-	-	2.125.288	-	133.500	2.258.788

Framvirkir samningar í íslenskum krónum (ISK) - framhald							
Samn.nr.	Lokunardags.	Gengi	Hagnaður mynt	Hagnaður ISK	Þóknun mynt	Þóknun ISK	Heildarhagnaður ISK
9061-0	28.6.2007	-	-	3.162.568	-	1.430.000	4.592.568
9062-0	4.7.2007	-	-	4.411.983	-	1.442.500	5.854.483
9251-0	5.9.2007	-	-	17.021.094	-	1.358.500	18.379.594
9260-0	13.7.2007	-	-	5.820.687	-	990.000	6.810.687
9609-0	13.7.2007	-	-	11.814.008	-	885.935	12.699.943
9620-0	16.7.2007	-	-	13.775.403	-	988.750	14.764.153
9635-0	23.7.2007	-	-	3.496.102	-	620.937	4.117.039
10132-0	23.8.2007	-	-	5.690.738	-	1.292.600	6.983.338
10541-0	16.10.2007	-	-	24.081.954	-	1.689.323	25.771.277
10545-0	8.10.2007	-	-	24.567.622	-	1.987.500	26.555.122
10741-0	15.10.2007	-	-	8.252.247	-	1.100.286	9.352.533
10947-0	23.10.2007	-	-	5.138.932	-	2.225.000	7.363.932
6038-1	22.2.2007	-	-	3.583.715	-	175.605	3.759.320
6053-1	12.2.2007	-	-	15.620.581	-	790.000	16.410.581
6105-1	4.1.2007	-	-	1.939.613	-	101.495	2.041.108
6161-1	9.1.2007	-	-	17.725.632	-	690.000	18.415.632
6172-1	11.1.2007	-	-	10.325.625	-	506.250	10.831.875

6599-1	3.1.2007	-	-	180.309	-	100.080	280.389
7566-1	22.6.2007	-	-	4.515.462	-	162.400	4.677.862
7979-1	22.6.2007	-	-	5.372.154	-	219.240	5.591.394
8003-1	13.7.2007	-	-	40.939.769	-	1.022.235	41.962.004
8180-1	25.7.2007	-	-	46.805.407	-	1.713.684	48.519.091
8842-1	11.9.2007	-	-	17.566.363	-	1.028.750	18.595.113
9505-1	16.7.2007	-	-	11.173.589	-	775.711	11.949.300
9720-1	29.10.2007	-	-	23.599.224	-	2.965.875	26.565.099
6140-2	25.1.2007	-	-	25.491.065	-	997.689	26.488.754
7679-2	29.10.2007	-	-	139.743.867	-	4.400.000	144.143.867
8304-2	13.6.2007	-	-	1.862.030	-	500.000	2.362.030
5028-3	9.3.2007	-	-	12.602.038	-	662.000	13.264.038
5046-3	9.3.2007	-	-	3.072.158	-	165.500	3.237.658
4928-4	16.1.2007	-	-	364.567	-	140.500	505.067
5151-4	13.3.2007	-	-	39.267.288	-	4.127.550	43.394.838
5228-4	22.2.2007	-	-	6.959.844	-	314.000	7.273.844
5639-4	25.7.2012	-	-	15.304.612	-	685.474	15.990.086
3204-5	25.1.2007	-	-	13.673.272	-	953.100	14.626.372
3237-5	25.1.2007	-	-	12.352.493	-	868.885	13.221.378
5227-5	10.4.2007	-	-	3.082.707	-	136.500	3.219.207
4591-7	16.7.2007	-	-	5.255.386	-	658.643	5.914.029
2822-11	25.7.2007	-	-	31.959.219	-	0	31.959.219

2822-12	11.6.2007	-	-	48.048.371	-	3.303.482	51.351.853
Samtals hagnaður samninga í íslenskum krónum (ISK)				902.743.282 kr.			
Framvirkir samningar í evrum (EUR)							
Samn.nr.	Lokunardags.	Gengi	Hagnaður EUR	Hagnaður ISK	Þóknun EUR	Þóknun í ISK	Heildarhagnaður ISK
10134-0	21.8.2007	90,87	39.921	3.717.444	4.825	438.448	4.155.892
Samtals hagnaður samninga í evrum (EUR)				4.155.892 kr.			
Framvirkir samningar í bandaríkjadöllum (USD)							
Samn.nr.	Lokunardags.	Gengi	Hagnaður USD	Hagnaður ISK	Þóknun USD	Þóknun ISK	Heildarhagnaður ISK
8344-0	6.6.2007	62,59	239.834	14.915.276	15.767	986.857	15.902.133
9356-0	10.7.2007	60,54	160.268	9.938.219	9.303	563.204	10.501.423
9478-0	10.7.2007	60,54	152.763	9.472.834	6.911	418.392	9.891.226
9934-0	27.9.2007	61,69	45.108	2.810.680	8.143	502.342	3.313.022
9960-0	5.9.2007	64,71	27.018	1.722.668	3.425	221.632	1.944.300

9986-0	26.9.2007	62,09	61.409	3.844.817	9.380	582.404	4.427.221
9987-0	26.10.2007	60,53	12.687	768.959	2.448	148.177	917.136
10062-0	5.9.2007	64,71	24.583	1.567.412	3.425	221.632	1.789.044
10127-0	24.8.2007	65,04	34.018	2.291.452	3.204	208.388	2.499.840
10128-0	24.8.2007	65,04	29.706	2.000.996	2.374	154.405	2.155.401
10217-0	24.8.2007	65,04	21.944	1.478.148	2.374	154.405	1.632.553
10357-0	5.9.2007	64,71	3.154	201.099	251	16.242	217.341
10391-0	21.9.2007	62,61	13.031	821.214	-	-	821.214
10424-0	17.9.2007	65,18	12.435	799.819	3.450	224.871	1.024.690
10608-0	16.10.2007	60,90	65.449	3.924.977	-	-	3.924.977
10618-0	8.10.2007	60,92	110.153	6.781.019	4.446	270.850	7.051.869
10990-0	29.11.2007	61,35	23.029	1.435.858	5.252	322.210	1.758.068
11019-0	29.11.2007	61,35	9.286	578.982	4.400	269.940	848.922
11138-0	2.11.2007	58,99	8.282	500.481	1.445	85.241	585.722
11154-0	31.10.2007	59,92	5.717	346.050	1.500	89.880	435.930
11256-0	20.11.2007	61,55	3.358	203.461	1.436	88.386	291.847
11281-0	8.11.2007	60,07	9.995	591.604	-	-	591.604
11336-0	19.11.2007	60,90	24.479	1.483.183	1.379	83.981	1.567.164
11337-0	20.11.2007	61,55	37.830	2.292.120	1.690	104.020	2.396.140
11338-0	20.11.2007	61,55	24.784	1.501.663	1.680	103.404	1.605.067
11339-0	20.11.2007	61,55	5.580	338.092	1.648	101.434	439.526
11376-0	16.11.2007	61,14	18.988	1.151.053	1.536	93.911	1.244.964

11387-0	15.11.2007	60,59	6.624	396.910	-	-	396.910
11388-0	14.11.2007	59,54	8.408	505.069	-	-	505.069
11414-0	29.11.2007	61,35	16.616	1.036.008	4.346	266.627	1.302.635
11415-0	27.11.2007	62,85	18.364	1.146.465	4.289	269.564	1.416.029
11416-0	16.11.2007	61,14	45.959	2.786.035	4.261	260.518	3.046.553
11463-0	27.11.2007	62,85	23.647	1.476.282	4.289	269.564	1.745.846
11475-0	26.11.2007	62,35	36.757	2.262.393	-	-	2.262.393
Samtals hagnaður samninga í bandaríkjadöllum (USD)				90.453.777 kr.			
Framvirkir samningar í norskum krónum (NOK)							
Samn.nr.	Lokunardags.	Gengi	Hagnaður NOK	Hagnaður ISK	Þóknun NOK	Þóknun ISK	Heildarhagnaður ISK
5002-6	25.10.2007	11,232	953.689	10.797.667	53.874	605.113	11.402.780
6928-0	17.1.2007	10,943	243.145	2.682.862	51.529	563.882	3.246.744
7023-0	29.1.2007	10,915	521.811	5.624.601	34.200	373.293	5.997.894
8819-0	23.5.2007	10,278	205.664	2.139.728	51.625	530.602	2.670.330
11144-0	5.11.2007	10,952	388.651	4.346.673	37.020	405.443	4.752.116
Samtals hagnaður samninga í norskum krónum (NOK)				28.069.863 kr.			
Samtals tekjur af framvirkum skiptasamningum			1.025.422.814 kr.				
Framtaldar tekjur til frádráttar					212.411.805 kr.		
<i>Samtals vanframtaldar tekjur</i>					813.011.009 kr.		

Samtals vangreiddur fjármagnstekjur, 10%			81.301.101 kr.					

Framangreint brot ákærða Eiríks telst varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995 og 139. gr. laga nr. 82/1998, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, með síðari breytingum.

Framangreint brot ákærða Hjalta telst aðallega varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995 og 139. gr. laga nr. 82/1998, sbr. 5. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, en til vara við 1. mgr. 262. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, allt með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Að auki er þess krafist að ákærði Hjalti verði, með vísan til 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961, sviptur löggildingu til endurskoðunarstarfa.“

Ákærðu neita sök og krefjast sýknu. Þess er krafist að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjenda ákærðu.

II

Málavextir eru þeir að ákærði Eiríkur átti í viðskiptum við Landsbankann á árinu 2007 með svonefndum framvirkum skiptasamningum. Um var að ræða viðskipti með hlutabréf sem bankinn sá um að kaupa og selja fyrir hann. Hagnaður af viðskiptunum var lagður inn á bankareikning hans og yrði tap á þeim var tekið út af reikningnum til að jafna það.

Haustið 2010 hóf skattrannsóknarstjóri rannsókn á skattskilum ákærða. Samkvæmt bréfi skattrannsóknarstjóra til sérstaks saksóknara taldi hann að ákærði hefði skilað efnislega röngu framtali árið 2008 vegna tekjuársins 2007 með því að vanframtelja tekjur að fjárhæð rúmar 820 milljónir króna. Rannsóknin beindist einnig að þætti ákærða Hjalta er talið hafði fram fyrir ákærða Eirík. Rannsókn skattayfirvalda og síðar sérstaks saksóknara leiddi til þeirrar niðurstöðu er í ákæru greinir. Að öðru leyti koma málavextir fram í næsta kafla þar sem rakinn verður framburður ákærðu fyrir dómi.

III

Ákærði Eiríkur kvaðst hafa unnið sjálfstætt á árunum 2006 til 2008, en annars væri hann kaupmaður og hefði starfað við verslun alla sína ævi. Ákærða var sýnt framtalið, sem um getur í ákæru, og kvað hann það vera framtal sitt vegna tekjuársins 2007. Hann kvað meðákærða Hjalta hafa gert það og byggt það á gögnum er hann hefði afhent honum. Ákærði kvað meðákærða hafa gert upp fyrir sig og fyrirtæki á sínum vegum síðastliðin 20 ár. Alltaf hefði verið viðhaft sama verklag, það er að meðákærði hefði fengið öll gögn og gert upp samkvæmt þeim. Ákærði kvaðst telja meðákærða hafa haft undir höndum fullnægjandi gögn þegar hann gerði umrætt framtal. Eftir að meðákærði hafði talið fram kvað ákærði þá hafa hist og farið yfir framtalið. Meðákærði hefði síðan skilað því inn til skattstjóra. Ákærði kvað framtalið hafa gefið rétta mynd af fjárhag hans. Ákærði var spurður um tölulega framsetningu í ákæru og kvaðst hann vísa hugsanlegum athugasemdum til verjanda síns sem gera myndi grein fyrir þeim í málflutningi. Ákærði var spurður um framtaldar vaxtatekjur að fjárhæð 212.411.805 krónur í framtali hans og kvað hann þessa tölu vera mismuninn á því þegar búið væri að draga tap frá hagnaði. Hann kvað meðákærða hafa útskýrt fyrir sér hvernig þessi tala væri fundin út, það er að búið væri að breyta lögum á þann veg að þetta væri leyfilegt, en ekki kvaðst ákærði hafa sjálfur kynnt sér þau lög. Þá kvað hann meðákærða hafi tekið allar ákvarðanir varðandi framtalsgerðina og hann hefði treyst honum fyllilega til þess. Þá var borið undir ákærða yfirlit ákæruvaldsins yfir ætlaðar vanframtaldar fjármagnstekjur. Hann gerði ekki sjálfur athugasemdir við það en vísaði á verjanda sinn er gera myndi það í flutningi málsins.

Ákærði kvaðst hafa keypt og selt hlutabréf og hann hefði alltaf fengið uppgjör þegar bréf voru seld. Hagnaðurinn hefði verið lagður inn á peningamarkaðsreikning í Landsbankanum og eins hefðu greiðslur vegna taps verið teknar út af reikningnum. Hann kvaðst hafa haft aðgang að öllum upplýsingum um viðskiptin og stöðu sína í heimabanka. Hann kvaðst hafa hafið viðskipti við Landsbankann 2005 en áður hefði hann skipt við Kaupþing. Kaupþing hefði alltaf haldið eftir fjármagnstekjuskatti eins og bankanum hefði borið að gera, en síðar hefði komið í ljós að Landsbankinn gerði þetta ekki. Þess vegna hefði verið talið fram miðað við það að þeir hefðu ekki haldið eftir skattinum. Ákærði kvaðst sjálfur ekki hafa verið viss um hvort búið hefði verið að halda skattinum eftir eða ekki. Þess vegna hefði hann greitt árin 2005, 2006 og 2007 fjármagnstekjuskatt miðað við að Landsbankinn héldi skattinum ekki eftir þó svo að hann ætti að gera það.

Ákærði var spurður hvort taldar hefðu verið fram fjármagnstekjurnar, sem hann er ákærður fyrir að telja ekki fram, og kvað hann þær hafa verið taldar fram og tapið dregið frá. Þannig hefði fengist út hagnaðurinn að fjárhæð 212.411.805 krónur og hefðu þær tekjur verið taldar fram. Hann kvað allar upplýsingar hafa legið fyrir í fylgigögnum með uppgjörinu, eins og hann orðaði það, en hann kvaðst ekki geta svarað því hvort þeim upplýsingum hefði verið skilað til skattyfirvalda.

Ákærði Hjalti, sem er endurskoðandi, kvaðst hafa talið fram fyrir meðákærða í fjölda ára. Umrætt skattframtal meðákærða var lagt fyrir hann og kvaðst hann hafa gert það og talið sig hafa haft fullnægjandi gögn undir höndum til að gera það. Þar á meðal hafi hann haft undir höndum stöðu á bankareikningum meðákærða í árslok, en upplýsingar hefðu komið rafrænt inn í framtölin. Ákærði kvað framtalinu hafa verið skilað rafrænt og hefðu engin vinnugögn fylgt með því. Hann kvað framtalið hafa gefið rétta mynd af fjárhag meðákærða.

Ákærði var spurður um tölu að fjárhæð 212.411.805 krónur, sem er í framtalinu færð sem vaxtatekjur og hvernig hann hefði fundið hana út. Hann kvaðst hafa fengið skiptasamninga við framtalsgerðina og listað þá upp. Hann hefði síðan dregið tap ársins frá hagnaði og þá fengið út framangreinda tölu sem vaxtatekjur. Hann kvað tapið hafa verið áætlað 525.000.000 króna og hefði það verið varlega áætlað til að framtalið gæfi sem réttasta mynd af fjárhag meðákærða. Hann taldi nefnda tölu hafa líklega verið sameiginlega niðurstöðu sína og meðákærða. Ákærði kvað töluna 212.411.805 krónur hafa verið færða í framtalið, en hann hefði ekki gert grein fyrir heildartekjunum eða frádrættinum, enda væri ekki reitur fyrir það á framtalseyðublaðinu. Hann kvaðst hafa kynnt þetta fyrir meðákærða og hefðu þeir farið saman yfir framtalið áður en því var skilað. Ákærði kvað meðákærða hafa bent á að hann hefði orðið fyrir tapi af viðskiptum sem hann hafi viljað fá dregið frá hagnaðinum og komið með gögn þar að lútandi.

Ákærði kvað lögum hafa verið breytt þegar hann vann að framtalinu og hefði hann talið að hún gildi um þetta ár, eins og hann orðaði það, og kvaðst eiga við lög nr. 38/2008. Vísaði hann til greinargerðar með frumvarpinu og benti á að þar væri sagt að lagabreytingin ætti að hafa ívilnandi áhrif og hefði það verið túlkun hans að það ætti við um fyrri ár. Ákærða var bent á að lögin hefðu verið samþykkt eftir að framtalsfresti lauk og kvað hann þetta samt hafa verið sinn skilning. Þá vísaði hann til leiðbeininga ríkisskattstjóra frá 1997 um meðhöndlun á afleiðusamningum og heimild til að draga tap frá hagnaði.

Ákærði kvað Landsbankann ekki hafa haldið eftir fjármagnstekjuskatti í staðgreiðslu og hefði það verið vegna þess að bankinn hefði talið að þessar tekjur hefðu átt að skattleggjast eftir að framtali hefði verið skilað. Hann kvað hin undirliggjandi verðmæti í nefndum samningum hafa eingöngu verið hlutabréf og þess vegna ætti að meðhöndla tekjur af þeim samkvæmt þeim ákvæðum skattalaga er fjalla um hlutabréf.

IV

Ákærðu er gefið að sök að hafa í sameiningu staðið skil á efnislega röngu skattframtali ákærða Eiríks gjaldárið 2008 vegna tekjuársins 2007. Eins og lýst hefur verið stundaði ákærði Eiríkur viðskipti með hlutabréf á árinu 2007 með svonefndum framvirkum skiptasamningum þar sem undirliggjandi verðmæti voru hlutabréf. Þessi viðskipti átti hann við Landsbankann, en hafði áður átt þau við Kaupþing. Samkvæmt rannsóknargögnum málsins, sem ekki hafa verið bornar brigður á, námu tekjur ákærða á árinu 2007 af þessum samningum 1.025.422.814 krónum. Á framtali hans sést að taldar voru fram tekjur að fjárhæð 212.411.805 krónur og er mismunurinn 813.011.009 krónur, það er sú fjárhæð er ákærvaldið heldur fram að ákærðu hafi látið undir höfuð leggjast að telja fram eins og þeir eru ákærðir fyrir.

Í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt segir að skattskyldar tekjur teljist með þeim undantekningum og takmörkunum er síðar greinir, hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru.

Síðan eru taldar margs konar tekjur og þar á meðal vextir, verðbætur, afföll og gengishagnaður, sbr. 3. tl. C-liðar. Í 2. mgr. 8. gr. laganna er síðan talið upp hvað telst til tekna sem vextir, afföll og gengishagnaður. Framangreindar tekjur, að fjárhæð 1.025.422.814 krónur, eru hagnaður og þar með tekjur, sem ákærði hafði af viðskiptunum og ber honum að greiða skatt af þeim tekjum samkvæmt þessum ákvæðum laga um tekjuskatt. Eins og fram er komið taldi ákærði Eiríkur aðeins fram hluta teknanna, en ákærði Hjalti áætlaði varlega tap af viðskiptum ákærða Eiríks á árinu 525.000.000 króna og dró þá fjárhæð frá heildartekjunum, eins og rakið var. Eins og rakið var í kaflanum hér að framan viðurkenndu ákærðu fyrir dómi að hafa staðið saman að því að skila framtali ákærða Eiríks. Samkvæmt þessu er það niðurstaða dómsins að þeir hafi báðir brotið gegn þeim ákvæðum laga nr. 90/2003 sem í ákæru greinir. Brot ákærðu lýtur að verulega hárrí fjárhæð og er það því meiri háttar, sbr. 3. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga. Ákærðu hafa því brotið gegn 1. mgr. sömu greinar eins og þeim er gefið að sök í ákærunni. Ekki kemur til álita að telja ákærða Hjalta hlutdeildarmann í broti ákærða Eiríks, enda þáttur hans með þeim hætti, eins og rakið hefur verið, að hann er aðalmaður í brotinu ásamt ákærða Eiríki. Ákærði Hjalti hefur borið fyrir sig að lög nr. 38/2008 hafi heimilað að telja fram á þann hátt sem hann gerði. Nefnd lög giltu um söluhagnað sem varð til á árinu 2008 og þegar af þeirri ástæðu er þessari málsástæðu ákærða hafnað. Samkvæmt framansögðu verða ákærðu sakfelldir samkvæmt ákærunni.

Ákærðu hefur ekki áður verið refsað. Refsing hvors um sig er hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði en skilyrði eru til að skilorðsbinda refsingarnar eins og nánar greinir í dómsorði. Þá verður ákærða Eiríki gert að greiða 163.000.000 króna í sekt að viðlagðri vararefsingu eins og í dómsorði segir. Ákærða Hjalta verður ekki gert að greiða sekt, enda er hann ekki skattskyldur maður í skilningi 109. gr. laga nr. 90/2003. Þá er hann í máli þessu hvorki sakfelldur fyrir hlutdeild né tilraun, sbr. 7. mgr. sömu greinar.

Þess er krafist að ákærði Hjalti verði, með vísun til 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, sviptur löggildingu til endurskoðunarstarfa. Í nefndri grein segir að sé maður dæmdur sekur um brot, megi í dómi í sakamáli á hendur honum svipta hann heimild, er hann hefur öðlast, til að stunda starfsemi, sem opinbert leyfi, löggildingu, skipun eða próf þarf til að gegna, enda gefi brotið til kynna, að veruleg hætta sé á því, að sakborningur muni fremja brot í stöðu sinni eða starfsemi. Þegar ákærði braut af sér giltu lög nr. 18/1997 um endurskoðendur. Þar sagði um störf þeirra í 1. mgr. 7. gr. að þau felist í endurskoðun reikningsskila og annarra fjárhagsupplýsinga ásamt ráðgjöf og þjónustu innan nærliggjandi sviða. Í núgildandi lögum um endurskoðendur nr. 79/2008 segir að endurskoðandi sé sá sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum, hefur löggildingu til starfa við endurskoðun og fullnægir að öðru leyti skilyrðum laga þessara. Samkvæmt þessu telja lögin ekki framtalsgerð meðal hlutverka endurskoðenda. Með því að heimildin í 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga er íþyngjandi verður að skýra hana þröngt og með vísun til þess og þess sem segir í framangreindum lögum um endurskoðendur, er ekki fallist á að hætta sé á að ákærði Hjalti muni fremja brot í stöðu sinni eða starfsemi. Dómurinn hafnar því kröfu ákæruvaldsins um að svipta hann löggildingu til endurskoðunarstarfa.

Loks verða ákærðu dæmdir til að greiða málsvarnarlaun verjenda sinna að meðtöldum virðisaukaskatti eins og nánar greinir í dómsorði. Annan kostnað leiddi ekki af rekstri málsins.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, Eiríkur Sigurðsson, sæti fangelsi í 18 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum 2 árum frá birtingu dómsins, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði, Hjalti Magnússon, sæti fangelsi í 18 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum 2 árum frá birtingu dómsins, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Eiríkur greiði 163.000.000 króna í sekt og komi 360 daga fangelsi í stað sektar verði hún ekki greidd innan 4 vikna.

Ákærði Eiríkur greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Guðna Á. Haraldssonar hrl., 2.510.000 krónur.

Ákærði Hjalti greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Björns Jóhannessonar hrl., 2.510.000 krónur.

Arngrímur Ísberg